

Fundinn sátu: Jónas Guðmundsson, Guðlaug B. Guðjónsdóttir, Árni Einarsson, Ingveldur Jónsdóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson og Laufey Guðmundsdóttir. Í fjarbúnaði: Tryggvi Axelsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar, 15. febrúar 2023.
2. Skattamálin—framtöl.
3. Lýðræðishátíðin Fundur fólksins—Fjármögnun og framkvæmd.
4. Ráðstefna um frjáls félagasamtök—þróun hugmyndar.
5. Samfélagsleg nýsköpun—erindi og nýjar hugmyndir.
6. Heimsmarkmiðin
7. Námskeið – Bókhalld, fundarstjórn og fleira.
8. Aðalfundur—embættismenn.
9. Könnun meðal aðildarfélaga – ályktanir.
10. Norrænt samstarf—ÖBÍ
11. Önnur mál

1. Fundargerðin samþykkt.
2. Engin svör hafa enn borist frá Skattinum vegna fyrirspurnar Almannaheilla. Skatturinn birtir auglýsingu til framteljenda varðandi skráningu gjafa til almannaheilla á skattframtali. Í auglýsingunni er framteljendum bent á að þeir geti sjálfir skráð framlög á skattframtal sitt hafði þau af einhverjum orsökum ekki verið forskráð.
3. Formaður fór yfir fjárhagsstöðuna vegna Fundar fólksins, eins og hún er núna. Félagsmálaráðherra hefur veitt 2 milljónum í verkefnið og 4,5 milljónir koma frá Reykjavíkurborg. Sótt hefur verið um 5 milljóna styrk frá Alþingi og áætlað er að 500 þúsund krónur til 1 milljón komi inn vegna þátttöku almannaheillafélaga. Jónas og Guðlaug áttu nýlega fund með væntanlegu samstarfsfólki í Norræna húsinu og skoðuðu aðstöðuna þar. Þau lýstu yfir ánægju með aðstöðuna og áhuga þeirra sem þau ræddu við. Fram komu óskir af hálfu Norræna hússins að dagskrá Fundarins lægi fyrir sem fyrst, helst fyrir lok maí. Áætlaður er fundur Almannaheilla með aðildarfélögum 12. maí næstkomandi til þess að kynna Fundinn og hvetja til þátttöku. Rætt var um ráðningu verkefnisstjóra Fundarins. Formaður fylgir eftir hugmyndum og ábendingum sem fram komu á fundinum um mögulega kandiðata. Einnig rætt um hvort auglýsa ætti opinberlega eftir verkefnisstjóra.
4. Engin frekari skref hafa verið tekin varðandi ráðstefnuna en formaður verið í sambandi við rektor Bifrastar. Í umræðum komu fram efasemdir um að hægt verði að halda

ráðstefnuna í maí, eins og stefnt hefur verið að. Formaður kannar málið betur við Bifröst og ákvörðun um mögulega frestun tekin í framhaldi af því.

5. Ekki hafa borist svör frá ráðherra háskóla, iðnaðar- og nýsköpunarmála vegna erindis Almannaheilla. Rætt var um leiðir í að ráða verkefnisstjóra fyrir verkefnið. Formaður fylgir eftir hugmyndum sem fram komu á fundinum.
6. Rætt um að framhald á samningi Almannaheilla og forsætisráðuneytisins væri í undirbúningi.
7. Formaður hefur sent HR (Opna háskólanum) niðurstöður úr könnun Almannaheilla meðal aðildarfélaga um óskir þeirra/áherslur varðandi fræðslu/nám fyrir stjórnendur í þriðja geiranum. Niðurstöður könnunarinnar leiða í ljós að mest áhersla er á hagnýt efni, svo sem upplýsingamiðlun og kynningar- og markaðsmál. Beðið er hugmynda HR um útfærslu á námi sem tekur meðal annars mið af þessu.
Árni og Guðlaug hafa fundað með UMFÍ vegna undirbúnings á námskeiði um fundarstjórn. Ekki liggur fyrir dagsetning á námskeiðinu.
8. Samþykkt að halda aðalfund Almannaheilla þriðjudaginn 6. júní kl. 16:00 í stað 8. júní, eins og áður stóð til. Eva Þengilsdóttir hefur samþykkt að vera fundarstjóri og formaður kannar með ritara fundarins. Samþykkt að bjóða Guðrúnu Agnarsdóttur að sitja fundinn sem gestur en hún var fyrsti formaður Almannaheilla og kjörin fyrir 15 árum. Einnig samþykkt að bjóða Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur, ráðherra háskóla, iðnaðar- og nýsköpunarmála, á fundinn. Jónas kynnti stjórn að hann hygðist láta af formennsku á aðalfundinum. Guðlaug, Laufey og Árni upplýstu einnig að þau tækju ekki sæti áfram í stjórn.
9. Ekki hafa fleiri svör borist vegna könnunarinnar meðal aðildarfélaga.
10. Formaður kynnti vinnustofu á vegum The Nordic Platform for Civil Society sem verður haldin í Sigtúni 42 í Reykjavík 13. apríl næstkomandi, kl. 10-14. Öryrkjabandalag Íslands sér um framkvæmd hennar í samstarfi við Tænkjetanken Mandag Morgen og Danish Institute for Voluntary Effort (DIVE). Þátttaka er ókeypis og skráningarfrestur er til 4. apríl næstkomandi.
11. a. Borist hefur umsókn frá Félagi heyrnarlausra um aðild að Almannaheillum.
b. Formaður sagði frá því að hópur frá Króatíu sem er hér á landi á vegum Erasmus muni hafa tímabundna aðstöðu í húsnæði Almannaheilla.

Fundi slitið kl. 11:00.

Fundargerð ritaði Árni Einarsson.